Bóluefni við covid-19 Falsfréttirnar, sem voru sannleikanum samkvæmar

Vísindamenn, sem vöruðu við grunsamlegu innihaldi covid-19 bóluefnanna, voru úthrópaðir af heilbrigðisyfirvöldum og fjölmiðlum á þeirra bandi. Upplýsingaóreiða var það kallað á Íslandi.

Nákvæmt innihald lyfjanna eða  bóluefnanna hefur verið leyndarmál lyfjafyrirtækjanna. Það vill nefnilega svo til, að þeim er sjálfum falið að rannsaka gildi eigin afurða. Viðskiptavinir skulu kæra sig kollótta um, hverju sprautað er í líkama þeirra – trúa lyfjarisunum blint.

Heilbrigðisyfirvöld, sem veita lyfjunum markaðsleyfi – í þessu tilviki neyðarleyfi, enda þó engin væri neyðin – virðast að mestu sætta sig við þær upplýsingar, sem frá lyfjafyrirtækjunum koma. Það kynni að skýrast af því, að sumir þessara embættismanna gæta hagsmuna fyrirtækjanna og þiggja fyrir greiðslur og/eða hlunnindi.

Það þurfti státinn dómara í Bandaríkjunum til að þvinga Pfizer til að birta gögn sín í áföngum. Og það er með þessi gögn eins og leynigögn stjórnvalda – jafnvel í lýðræðisríkjum – að þar er sannleikann að finna, t.d. um ýmis þau óþverraefni, sem varað var við.

Sum þessara efna eru beinlínis skaðvænleg og bráðdrepandi og hugsanlega til þess gerð að stuðla að fækkun mannkyns, beint og óbeint, t.d. með skerðingu frjósemi. Bresk heilbrigðisyfirvöld hafa nú upplýst, að 92% þeirra, sem hlutu svokallaðan covid-dauðdaga, höfðu verið bólusett þrisvar eða oftar.

Svo virðist, að öðrum þræði sé um múgtilraun að ræða, í þeim skilningi, að sumir skammtanna kynnu að hafa verið lyfleysa. Nema þá, að um framleiðsluglöp sé að ræða. Nokkrar framleiðslueiningar sýnast nefnilega tiltölulega meinlausar.

https://expose-news.com/2023/07/14/triple-vaccinated-9-in-10-covid-deaths-2022/

https://expose-news.com/2023/07/14/pfizer-deagel-depopultion/

https://expose-news.com/2023/07/14/cancer-agent-pfizer-vaccine/

https://expose-news.com/2023/07/14/fda-graphene-covid-vaccine/